Sjálfbærniskýrsla
2025

Efnisyfirlit

01 **Árið 2025**
- Árið í hnotskurn 5
- Markmið sem náðust á árinu 7

02 **Okkar sýn**
- Stefnan 10
- Heimsmarkmið 11

03 **Umhverfi**
- Virðiskeðja N1 13
- Losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun 14
- Dekk 15
- Hleðslustöðvar 16
- Rafmagn 17
- Þvottastöðvar 18
- Lífrænn dísill 19
- Kaffi 19
- Sorpflokkun 20
- Umhverfisóhöpp 21

04 **Félagslegir þættir**
- Mannauðsstefna 23
- Mannauður 24
- Jafnrétti á vinnustaðnum 25
- Jafnlaunavottun 26
- Heilsa og öryggi starfsfólks 26
- Einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað 27

05 **Stjórnar-hættir**
- Ábyrg innkaup 29
- Birgjar 30
- Vottanir 31

06 **N1 í samfélaginu** 32

07 **Langtímamarkmið 2035** 34

08 **Markmið 2026** 36

09 **Ítarefni** 38

Ávarp framkvæmdastjóra

Við hjá N1 trúum því að sterkir og áreiðanlegir innviðir séu grunnforsenda þess að samfélagið dafni. Hlutverk okkar er að halda landinu á hreyfingu – en ekki síður að létta viðskiptavinum daginn með einfaldri, aðgengilegri og traustri þjónustu. Þegar fólk og fyrirtæki geta treyst því að grunnþjónustan sé í lagi skapast svigrúm til að einbeita sér að því sem skiptir mestu máli.

Sem innviðafyrirtæki rekum við 94 þjónustu- og eldsneytisstöðvar víðs vegar um landið, auk þess að vera með hraðhleðslustöðvar á 17 stöðum. Þetta öfluga net tengir saman byggðir, styður við atvinnulíf og tryggir að aðgengi að orkugjöfum og þjónustu sé til staðar um allt land. Við leggjum metnað í að þróa þjónustuna í takt við þarfir viðskiptavina þannig að hún sé ekki aðeins áreiðanleg heldur einnig þægileg og skilvirk.

Framundan eru áframhaldandi breytingar á orkumarkaði og aukin áhersla á sjálfbærni. Þar ætlum við að vera í fararbroddi. Við höldum áfram að fjölga hraðhleðslustöðvum og bjóða raunhæfa valkosti sem styðja við orkuskipti. Markmið okkar er að gera viðskiptavinum kleift að taka ábyrgar og umhverfisvænar ákvarðanir án þess að það flæki daglegt líf. Sjálfbær framtíð þarf að vera framkvæmanleg í núinu.

Árangur okkar byggir á fólkinu okkar. Kraftmikið og hæft starfsfólk er mikilvægasta auðlind N1 og lykillinn að því trausti sem félagið nýtur. Við leggjum áherslu á vinnuumhverfi þar sem jafnrétti, jafnvægi og fjölbreytileiki eru höfð að leiðarljósi.

Við viljum einnig vera virkur og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu. Með stuðningi við íþróttafélög, félagasamtök og fræðsluverkefni leggjum við okkar af mörkum til að efla velferð og heilbrigði samfélagsins.

Framtíðarsýn okkar er skýr: að þróa innviði landsins af ábyrgð, auka fjölbreytni í orkulausnum og veita þjónustu sem einfaldar lífið. Þannig ætlum við áfram að vera traustur samstarfsaðili – fyrirtæki sem léttir daginn og skapar verðmæti til framtíðar fyrir viðskiptavini og samfélagið allt.

Magnús Hafliðason
Framkvæmdastjóri N1



Árið 2025

Árið í hnotskurn

Q1

Janúar
- Tilkynnt um N1 stúlknamót KA sem verður haldið í ágúst á hverju ári

Mars
- Nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn, Magnús Hafliðason
- Tesla opnar hleðslustöðvar á Blönduósi

Q2

Maí
- Ný þjónusta í N1 appinu
  - Dældu í appinu

Júní
- Stöðin mín fór í loftið fyrir eldsneytisviðskipti sem gerir viðskiptavinum kleift að velja á hvaða N1 stöð þeir kaupa eldsneyti á lægsta verðinu okkar
- Tesla opnar hleðslustöðvar á Egilsstöðum

Q3

Júlí
- 39. N1 mótið haldið fyrir stráka
- Vinnu lauk við útskipti á hleðslustöðvum yfir í öflugri hraðhleðslustöðvar
- Nýjar hleðslustöðvar N1 opnaðar á Blönduósi

Ágúst
- Tesla opnar hleðslustöðvar á Hólmavík
- Fyrsta N1 mótið haldið fyrir stúlkur


September
- Stöðin mín bætti við hraðhleðslustöðvum
- N1 fær umhverfisviðurkenningu á Hvolsvelli og í Keflavík
- Hraðhleðslustöðvar opna við Fiskislóð

Q4

Október
- Ný þjónusta í N1 appinu
  - Skráning kílómetra
- N1 styrkir innviði sína enn frekar með nýjum stöðugildum; deildarstjóra gæða- og innviðamála, fræðslustjóra og deildarstjóra innkaupa

Nóvember
- N1 útnefnt fyrirmyndarfyrirtæki

Desember
- Tesla opnar hleðslustöðvar í Hveragerði



Sómasamloka með Roast Beef

var vinsælasta samlokan á árinu

600.000 SS pylsur

seldust á árinu



400.000 seldir kaffibollar

30%

veltuaukning í vegaaðstoð

421

verkefni utan opnunartíma



2.816

vörubíladekk endurunnin



N1




AdBlue í lausu

var vinsælasta varan á þjónustustöðvum N1

5,6% fleiri bílar í smurningu

þrátt fyrir fjölgun rafmagnsbíla






35%

aukning í orkudrykkjasölu

11 nýir rafbílar

hlutfall rafmagnsbíla er 25%



Markmið sem náðust á árinu

N1 mun efla öryggisfræðslu í bílaþjónustu og á þjónustustöðvum með markvissum hætti.

Náðist? Já

Niðurstaða: Mikil áhersla er lögð á öryggismál og hefur sérstök áhersla verður lögð á þau í ár hjá bílaþjónustu. Verkferlar þjálfunar og nýliðamóttöku voru endurnýjaðir og unnið er að stöðugum umbótum.

Haldið verður áfram að fræða stjórnendur og starfsfólk um samskipti á vinnustað með sérstakri áherslu á EKKO fræðslu.

Náðist? Nei

Niðurstaða: Markmiðið var að ná hlutfalli eineltis undir 5% og áreitni undir 2%. Einelti mældist 6,5% og áreitni 3,6%.

Fjölga sjálfsafgreiðslukössum á þjónustustöðvum N1 úr 6 í 20.

Náðist? Já

Niðurstaða: Í dag eru 24 sjálfsafgreiðslukassar í notkun á 4 stöðvum á landsbyggðinni og 2 stöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

Skipta yfir í LED lýsingu, bæði inni og úti, á fleiri þjónustustöðvum og draga enn frekar úr notkun flúrpera. Fjöldi útskipta hefur ekki verið ákvarðaður.

Náðist? Já

Niðurstaða: Verkefninu miðaði vel áfram á árinu en nú hefur verið skipt yfir í LED lýsingu á öllum stöðvum N1 á höfuðborgarsvæðinu.

Ná 80% svarhlutfalli í vinnustaðagreiningu á öllum starfsstöðvum N1.

Náðist? Nei

Niðurstaða: Heildarsvarhlutfall í vinnustaðagreiningu var 68% á árinu.

Lögð verður áhersla á faglega móttöku nýliða og þjálfun samkvæmt skýrum þjálfunarferlum og -listum, þannig að allir nýir starfsmenn fái markvissa þjálfun í samræmi við ferla N1.

Náðist? Já

Niðurstaða: Ferlar voru bættir og nýliðafræðsla tekin upp fyrir allt starfsfólk, bæði á íslensku og ensku. Nýtt samskiptakerfi var tekið í notkun þar sem við miðlum upplýsingum og námskeiðum.

Svar við birgjamati og samþykkt siðareglna félagsins berist frá 45% birgja með viðskiptaveltu sem nemur yfir einni milljón króna.

Náðist? Nei – en næstum

Niðurstaða: Í lok ársins 2025 höfðu 43% birgja með veltu yfir einni milljón króna svarað birgjamati.

Allir nýir birgjar þurfa að svara birgjamati og samþykkja siðareglur birgja.

Náðist? Nei

Niðurstaða: Spurningalistar fyrir birgjamat og samþykktir á siðareglum verða send út í janúar 2026 á nýja birgja frá árinu 2025.

Skipta út kælimiðli á þjónustustöðvum N1. Fjöldi útskipta hefur ekki verið ákvarðaður.

Náðist? Já

Niðurstaða: Verkefnið er í vinnslu en á árinu skiptum við út kælimiðli á Lækjargötu, Hringbraut og Hvolsvelli. Unnið er samkvæmt plani þar sem markmiðið er að klára útskiptin árið 2030.

Að 25% bifreiða N1, sem þarf ekki meirapróf á, verði rafmagnsbílar.

Náðist? Já

Niðurstaða: Í dag eru rafbílar 25% af bílaflota fyrirtækisins.

Stefna N1 er að styðja knattspyrnuiðkun ungu kynslóðarinnar enn frekar með áherslu á jöfn tækifæri, þar sem sérstakt knattspyrnumót verður stofnað fyrir stúlkur á aldrinum 9 til 10 ára. Markmiðið er að 70 til 80 lið taki þátt í mótinu.

Náðist? Já

Niðurstaða: Mótið var haldið með glæsibrag 7.-9. ágúst þar sem fjöldi liða tók þátt. Mótið verður haldið aftur 2026 og verður fastur liður í dagskrá sumarsins.

Okkar sýn

Stefnan

N1 á sér langa og rótgróna sögu sem orkufyrirtæki, en framtíðarsýn félagsins er skýr: að **létta enn einn daginn**.

Þetta markmið er leiðarljós í allri starfsemi N1 og ekki síst þegar kemur að orkuskiptunum. Í heimi þar sem tæknin þróast hratt og valkostum fjölgar getur verið flókið að taka næsta skref í nýja átt. Hlutverk N1 er að einfalda það ferli og gera orkuskiptin aðgengileg, skiljanleg og raunhæf fyrir alla.

Þróunin í orkuskiptunum er hröð og kallar á skýrar lausnir. Markmið N1 er að mæta fjölbreyttum orkuþörfum einstaklinga og fyrirtækja og auðvelda þeim velja sjálfbærari kosti. Með breiðu úrvali orkugjafa, skýrri upplýsingagjöf og traustri ráðgjöf styður N1 viðskiptavini sína við að taka upplýstar og hagkvæmar ákvarðanir. Fyrirtækið býður meðal annars upp á lífrænan dísil (VLO) sem hefur allt að 90% lægra kolefnisspor en hefðbundin dísilolía.

Uppbygging hleðsluinnviða er lykilþáttur í því að létta rafbílaeigendum daginn. Með fjölgun hleðslustöðva um land allt og samstarfi við Tesla vinnur N1 að því að tryggja að hleðsla verði einföld, aðgengileg og hluti af eðlilegu ferðaflæði – en ekki hindrun.

Árið 2026 verður lögð áhersla á að mæta ört stækkandi hópi rafbílaeigenda með auknu framboði og bættri þjónustu.

Hlutverk N1 er þó umfangsmeira en að útvega bara orku. Fyrirtækið leggur áherslu á að einfalda allt sem snýr að rekstri farartækja. Bílaþjónusta N1 býður upp á smur- og dekkjaþjónustu, dekkjahótel og leigu á nagladekkjum. Allt eru þetta lausnir sem spara tíma, minnka fyrirhöfn og auka þægindi. Verkstæðin eru þekkt fyrir gæði og áreiðanleika og með bílaþvotti N1 bætist við enn einn þátturinn í heildstæðri þjónustu sem gerir viðskiptavinum kleift að sinna öllu á einum stað.


Með víðtæku neti þjónustustöðva um land allt er N1 hluti af daglegu lífi landsmanna. Þar geta viðskiptavinir fengið orku, þjónustu og veitingar í einu stoppi – hratt og þægilega. Hvert skref í þróun þjónustunnar miðar að því sama: að einfalda, spara tíma og létta fólki lífið. Þannig vinnur N1 á hverjum degi að því að létta enn einn daginn.



Heimsmarkmið

Árið 2015 samþykktu öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna 17 heimsmarkmið um sjálfbæra þróun með það að markmiði að þeim yrði náð fyrir árið 2030. Heimsmarkmiðin mynda samofna heild og eru háð hvert öðru þar sem þau miða að jafnvægi milli þriggja meginþátta sjálfbærrar þróunar: umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.


N1 hefur unnið markvisst að því að samræma stefnu fyrirtækisins við heimsmarkmiðin með sérstakri áherslu á sex þeirra sem tengjast starfsemi og framtíðarsýn fyrirtækisins beint. Markmiðin endurspegla bæði þann árangur sem þegar hefur náðst og þau markmið sem sett hafa verið í framtíðaráætlunum. Með þessu leitast N1 við að styrkja ábyrga viðskiptahætti og stuðla að jákvæðri þróun í umhverfis- og loftslagsmálum.




Umhverfi

Virðiskeðja N1

Eldsneyti



Raforkumarkaður



Fyrra stig virðiskeðju
157.574 $tCO_2íg$ – 21,8%

Eigin rekstur
481 $tCO_2íg$ – 0,1%

Seinna stig
564.636 $tCO_2íg$ – 78,13%

Losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun

Með kolefnisjöfnun er átt við að fyrirtæki bæti upp fyrir losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) með því að fjármagna verkefni sem annað hvort draga úr losun annars staðar eða fjarlægja hana úr andrúmsloftinu.


Losun er mæld á þrenns konar hátt:
Umfang 1: Bein losun sem fellur til vegna eigin starfsemi fyrirtækisins

Umfang 2: Óbein losun sem fellur til vegna orkunotkunar, þ.e. rafmagns- og vatnsnotkunar

Umfang 3: Óbein losun sem nær yfir alla virðiskeðju fyrirtækisins, þ.e. aðföng til og frá fyrirtækinu

N1 byrjaði að mæla kolefnisspor sitt árið 2015 og kolefnisjafnaði beina losun frá eigin starfsemi (umfang 1) í fyrsta sinn ári síðar. Einnig hefur óbein losun sem fellur til vegna orkunotkunar, þ.e. á rafmagni og hita, verið kolefnisjöfnuð (umfang 2). Árið 2023 var í fyrsta skipti skráð losun á seldu eldsneyti til viðskiptavina. Þetta er losun sem myndast við framleiðslu á jarðefnaeldsneyti og flutning þess til landsins. Það leiddi til verulegrar aukningar í skráðri óbeinni losun (umfang 3) á milli ára þar sem fram að þessu hafði skráning á umfangi 3 aðeins náð yfir losun á úrgangi frá rekstri og hluta af viðskiptaferðum.

Mæld losun frá starfsemi N1, bæði bein og óbein, í umfangi 1, 2 og 3 er kolefnisjöfnuð af móðurfélagi N1, Festi. Undanfarin ár hefur Festi keypt kolefniseiningar til að jafna alla mælda losun þar sem mæld losun nær ekki alltaf yfir alla raunverulega heildarlosun. Nú þegar tekist hefur að mæla stærra hlutfall af losun fyrirtækisins en áður var ákveðið að endurskoða nálgunina við kolefnisjöfnun N1.
Umfang 1 og 2 er kolefnisjafnað, ásamt úrgangi og viðskiptaferðum í umfangi 3. Í staðinn fyrir að kolefnisjafna umfang 3 að fullu var ákveðið að fjárfesta í aðgerðum sem hraða orkuskiptum.
Nánari upplýsingar um keyptar kolefniseiningar má finna í sjálfbærniskýrslu Festi.



Dekk

Geymsla, endurvinnsla og förgun dekkja

Dekkjahótel eru starfrækt á öllum tíu hjólbarða-verkstæðum N1 en að auki er rekið eitt stórt miðlægt dekkjahótel. Á þessum hótelum geymum við þúsundir dekkja fyrir viðskiptavini, bæði einstaklinga og mörg stærstu fyrirtæki landsins. Þegar dekk á felgum eru skráð inn á dekkjahótel N1 eru þau þrifin og yfirfarin, starfsfólk verkstæðanna leggur mat á ástand þeirra og tekur myndir.

Undir lok vertíðar er send skýrsla á viðskiptavini með upplýsingum um ástand dekkjanna og ráðleggingum um næstu skref. Þúsundir viðskiptavina nýta sér sérfræðiþekkingu starfsfólks til að hámarka líftíma dekkja sinna. Þessi aukna þjónusta einfaldar líf viðskiptavina og tryggir betri nýtingu hjólbarða. Þar að auki sjá starfsmenn N1 um förgun dekkja og tryggja þannig rétta flokkun og létta einnig undir með viðskiptavinum okkar.


Á árinu var 817.647 kg af ónothæfum hjólbörðum af fólksbílum komið til viðeigandi förgunaraðila. Þar að auki voru 2.816 vörubíla- og vinnuvélahjólbarðar sólaðir eða endurunnir og sú ákvörðun lækkaði losun kolefnisspors um 506.696 kg Co_2Íg.

Dekkjaleiga

Í árslok 2023 hóf N1 að bjóða upp á skammtímaleigu á nagladekkjum, sem var þá nýjung hér á landi. Með þessari þjónustu var stigið mikilvægt skref þar sem markmiðið var að draga úr almennri notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu og stuðla þess í stað að aukinni notkun heilsársdekkja.

Þannig er ökumönnum gert kleift að skipta yfir á nagladekk áður en haldið er af stað í ferðalag við krefjandi aðstæður á landsbyggðinni. Um leið fækkar nagladekkjum í almennri umferð í þéttbýli sem dregur jafnframt úr sliti á vegum og svifryksmengun.

Hægt er að leigja nagladekk í gegnum N1 appið



Hleðslustöðvar

N1 hefur stigið stórt skref í umhverfismálum með því að styðja við orkuskipti í samgöngum með uppbyggingu hleðsluinnviða. Árið 2014 var fyrsta hraðhleðslustöðin tekin í notkun sem var staðett á þjónustustöð N1 í Borgarnesi. Um var að ræða samstarfsverkefni N1 og Orku náttúrunnar þar sem markmiðið var að bæta þjónustu við viðskiptavini og stuðla að þróun á þjónustu sem myndi draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum. Árið 2021 tók N1 yfir rekstur þessara hraðhleðslustöðva og hóf í kjölfarið frekari uppbyggingu hleðsluinnviða á eigin vegum.

Á árinu 2025 var ráðist í útskipti á eldri búnaði og skipt um hleðslubúnað í Borgarnesi, Staðarskála, á Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og við Krónuna í Skógarlind. Samtals var skipt um 22 hraðhleðslutengi.

Undanfarin ár hefur orðið gríðarlegur vöxtur í skráningu rafbíla sem hefur leitt af sér aukna eftirspurn eftir hraðhleðslustöðvum. Frá upphafi rafbílavæðingar hefur N1 lagt áherslu á að auka aðgengi að slíkum stöðvum til að mæta þörfum rafbílaeigenda. Nýjar hraðhleðslustövar voru settar upp á Blönduósi við Krónuna á Fiskislóð eða samtals 10 tengi. Þessar breytingar leiddu af sér aukningu um 17% í hleðslulotum og 23% í hlöðnum kWst.

Í dag eru 58 hraðhleðslutengi í rekstri á vegum N1 á 14 stöðum um land allt.

Í upphafi ársins 2024 var undirritaður rammasamningur milli N1 og Tesla sem fól í sér áform um uppbyggingu hraðhleðslustöðva við þjónustustöðvar N1 víðs vegar um landið. Markmið N1 með samningnum er að auka verulega þjónustu við notendur rafbíla og byggja upp víðtækt net hraðhleðslustöðva á næstu árum. Á árinu bætti Tesla við 48 nýjum hraðhleðslutenglum í Staðarskála, á Blönduósi, í Hólmavík, á Egilsstöðum og í Hveragerði. Í dag eru því samtals 60 hraðhleðslutengi frá Tesla á N1 stöðvum um allt land en í heildina eru þau 118 með þeim tengjum sem N1 býður upp á.



Rafmagn

N1 er eitt af lykilfyrirtækjum í einkarekstri á sviði raforkusölu til heimila og fyrirtækja. Árið 2020 keypti Festi, móðurfélag N1, raforkusölufyrirtækið Íslenska orkumiðlun (ÍOM) og var starfsemin færð undir N1 með það að markmiði að fjölga þeim orkugjöfum sem voru þegar til sölu. Allt rafmagn sem N1 selur kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. vatnsafli eða jarðvarma, sem tryggir umhverfisvæna og sjálfbæra orku. Fyrir árið 2025 keypti N1 upprunaábyrgðir fyrir alla raforku sem notuð var í rekstri fyrirtækisins, þar á meðal fyrir alla notkun á hraðhleðslustöðvum og í hleðslukerfum heimila sem N1 þjónustar og innheimtir fyrir notkun.

Þáttur raforkumarkaða jókst á árinu, en á þeim fara fram viðskipti á heildsölumarkaði rafmagns þar sem N1 er virkur þátttakandi. Markmið með mörkuðunum er að auka skilvirkni, gagnsæi og jafnræði í viðskiptum. Með innleiðingu nýrra viðskiptakerfa opnast vettvangur fyrir bæði skammtímaviðskipti og langtímasamninga. Þessi þróun stuðlar að betri nýtingu orkuauðlinda, tryggir jafnan aðgang að raforku og innviðum og eykur sveigjanleika í raforkukerfinu.



Þvottastöðvar

N1 rekur bæði sjálfvirkar þvottastöðvar og þvottabása þar sem viðskiptavinum gefst færi á að þvo bifreiðar sínar sjálfir. Sjálfvirku þvottastöðvarnar eru frá finnskum framleiðanda sem hefur reynslu af sambærilegum veðuraðstæðum og þekkjast á Íslandi. Þvottastöðvarnar bjóða annars vegar upp á snertilausan þvott og hins vegar burstaþvott, en að auki er sérstakur undirvagnsþvottur hluti af þjónustunni.



Lögð er áhersla á að nota hágæða efnavörur við þvottinn. N1 kaupir öll hreinsiefni, að undanskildum olíuhreinsi, frá framleiðanda þvottastöðvanna. Nú er um helmingur þeirrar efnavöru sem notaður er við bílaþvottinn Svansvottaður. Olíuhreinsirinn er sérstaklega framleiddur fyrir N1 eftir okkar eigin uppskrift.

Eftirspurn eftir bílaþvotti á viðurkenndum bílaþvottastöðvum hefur aukist síðastliðin ár, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Umhverfisstofnun mælir gegn bílaþvotti með hreinisefnum við heimahús þar sem afrennsli rennur óhreinsað út í ár, vötn og sjó. Þannig getur slíkur þvottur leitt til þess að sápur og önnur skaðleg efni berist út í náttúruna. Við bílaþvottastöðvar N1 eru hins vegar olíu- og sandskiljur sem hreinsa vatnið áður en það fer inn á frárennsliskerfið. Með fjölbreyttu framboði á bílaþvottalausnum komum við til móts við ólíkar þarfir viðskiptavina og auðveldum þeim að velja umhverfisvænni kosti í bílaþvotti.

Lífrænn dísill

Í september 2024 hóf N1 sölu á vetnismeðhöndlaðri lífrænni olíu (VLO), öðru nafni lífrænum dísil, til almennings á N1 Fossvogi. Lífrænn dísill er endurnýjanleg dísilolía framleidd úr lífrænum úrgangsefnum, s.s. notaðri djúpsteikingarolíu, úrgangsfitu og jurtaolíu. Þessum úrgangsefnum er safnað saman og þær unnar í sérbúnum hreinsistöðvum þar sem úr verður hrein dísilolía. Lífrænn dísill hefur sömu efnafræðilegu eiginleika og jarðefnaeldsneyti, en er þó léttari. Auk þess inniheldur lífrænn dísill færri aukaefni, t.d. brennistein, heldur en hefðbundin dísilolía og hefur að auki 90% lægra kolefnisspor.

Lífrænan dísil er hægt að nota á allar hefðbundnar dísilvélar þar sem hann brennur á sama hátt og hefðbundin dísilolía. Hins vegar er mikilvægt að tryggja að framleiðandi vélarinnar hafi heimilað notkun lífræns dísils þar sem eldsneytisnotkun getur haft áhrif á ábyrgð vélaframleiðanda.

Kaffi

N1 selur kaffi á þjónustustöðvum sínum frá **Costa** sem er leiðandi vörumerki í Evrópu. Allt kaffi og kaffimál frá Costa eru vottuð með Rainforect Alliance (RFA) sem tryggir að kaffið sé ræktað í skugga kaffiplöntunnar, í umhverfi þar sem er lítil eða engin notkun eiturefna og verkafólkið fær sanngjörn laun. Með vottuninni er einnig lögð áhersla á að vernda skóga, náttúrulíf og nærsamfélög. RFA stuðlar að því að styrkja regnskóga þar sem þeir hýsa ótrúlegt magn af plöntum og dýralífi og mynda nærandi úrkomu sem dreifist um allan heim.

Costa heldur uppi styrktarsamtökunum **Costa Foundation** sem vinna að því að skapa betri tækifæri fyrir drengi og stúlkur í nærsamfélögum kaffiræktenda með áherslu á að auka tækifæri þeirra til menntunar á háum stigum.




Sorpflokkun

Á árinu var áfram unnið að umbótum á sjálfbærnigögnum samstæðunnar og að því að móta sértæka og markvissa mælikvarða fyrir N1. Rekstur félagsins er umfangsmikill og fjölbreyttur, sem kallar á skýra og vel skilgreinda mælikvarða, meðal annars á sviði sorpflokkunar.

N1 hefur sett sér það markmið að árið 2030 verði 82% af úrgangi félagsins flokkaður, í takt við aukna áherslu á umhverfisvæna og ábyrga starfsemi. Til að styðja við áframhaldandi framfarir hefur verið þróað mælaborð fyrir úrgang innan samstæðunnar. Með því verður unnt að greina úrgangsmagn og flokkunarhlutföll með nákvæmum hætti eftir staðsetningum og félögum, sem skapar betri forsendur fyrir markvissum úrbótum.

Það hefur reynst áskorun að ná upp flokkunarhlutfalli á þjónustustöðvum og þess vegna lækkar hlutfallið á milli ára. Með auknum fókus, bættum mælikvörðum og mælaborðum er markmiðið að auka flokkunarhlutfall í 78% árið 2026.

Flokkaður úrgangur
hlutfall %





Umhverfisóhöpp

Öll mengunaróhöpp sem kunna að verða í starfsemi N1 eru litin alvarlegum augum. Þegar slík atvik koma upp er brugðist tafarlaust við til að lágmarka áhrif þeirra. Sala og dreifing eldsneytis felur í sér mengunaráhættu en það er á ábyrgð fyrirtækisins að sinna forvörnum og eftirliti til þess að draga úr líkum á óhöppum og áhrifum mögulegs tjóns. Lekamál eru þó fátíð. Komi upp slík mál eru virkjaðir skýrir verkferlar þar sem málið er rannsakað, meðal annars með aðkomu utanaðkomandi aðila á borð við verkfræðistofu til að meta umfang og útbreiðslu mengunar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir vegna mengunaróhappa eru fjölbreyttar. Reglulegt rýrnunareftirlit er framkvæmt á geymum og notast er við nýstárlegan og sívirkan vöktunarbúnað. Að auki fer Olíudreifing yfir eldsneytisbúnað fyrirtækisins með reglubundnum hætti.

Á liðnu ári kom upp leki ofanjarðar við eldsneytisafgreiðslu við sjálfsafgreiðslustöð N1 á Hólmavík. Viðeigandi eftirlitsaðilum var tilkynnt um atvikið og var ráðist í mótvægisaðgerðir í samræmi við tilmæli þar að lútandi. Málinu telst lokið.



Félagslegir þættir


Mannauðsstefna

Einn mikilvægasti auður N1 er starfsfólkið okkar, þekking þess og færni, sem endurspeglar starfsmannastefnu N1. Stefnan leggur áherslu á að efla og nýta styrkleika starfsfólksins sem er grunnur að áframhaldandi vexti og árangri fyrirtækisins. Þetta er gert með því að skapa starfsfólki gott og hvetjandi starfsumhverfi og efla það og styrkja með markvissri starfsþjálfun og þróun. Mikilvægt er að starfsfólk þekki sín hlutverk ásamt stefnu og gildum fyrirtækisins því þannig næst betri árangur. Starfsmannastefna N1 er aðgengileg öllum starfsmönnum á innri vef fyrirtækisins.

Stjórn N1 hefur rétt til að ákvarða laun æðsta stjórnanda fyrirtækisins sem eru ákveðin með hagsmuni fyrirtækisins og markmið þess í huga. Starfskjarastefna hefur verið sett í samræmi við kröfur a. liðar 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Markmiðið stefnunnar er að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækisins og að það geti laðað að sér framúrskarandi starfsfólk og stjórnendur.

Til að ná settu markmiði er mikilvægt að stjórn fyrirtækisins hafi möguleika á að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur líkt og tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.





Mannauður

Mannauður og menning fyrirtækisins endurspeglar hve fjölbreytt starfsemi fyrirtækisins er. Starfsmannaveltan endurspeglar hvað álagið getur verið ástíðabundið, sérstaklega á þjónustustöðvum og í bílaþjónustu. Heildarstarfsmannavelta fyrirtækisins á árinu var 47% og hækkar um 5% á milli ára vegna lokana á starfsstöðvum Nesti ferskt og fljótt. Árið 2024 mældist starfsmannaveltan 42% en hún mælist lægst á skrifstofu.

Hjá N1 starfar stór og fjölbreyttur hópur fólks við fjölbreytt störf víðs vegar um landið. Á árinu störfuðu að meðaltali 645 starfsmenn hjá N1 en kynjahlutfallið var 41% konur og 59% karlar. Innan hópsins eru 31 mismunandi þjóðerni frá öllum heimshornum.

Þjóðerni starfsfólks



Albanía Bandaríkin Bangladess Búlgaría Filippseyjar Grikkland Ísland Jórdanía Kenýa Króatía Lettland Litháen Makedónía Marokkó Nígería Portúgal Pólland Rúmenía Serbía Slóvakía Slóvenía Sómalía Spánn Srí Lanka Suður-Súdan Svíþjóð Tékkland Ungverjaland Úkraína Venesúela Víetnam Þýskaland

Á árinu 2025 stóð N1 fyrir fjölmenningarnámskeiði fyrir allt starfsfólk með það að markmiði að auka þekkingu á mismunandi menningarheimum. Sambærilegt námskeið er fyrirhugað vorið 2026. Markmið námskeiðanna er að efla menningarlæsi og auka skilning á samskiptavenjum og reglum sem geta verið ólíkar eftir menningarsvæðum, til að styðja við uppbyggingu fjölmenningarlegs vinnustaðar.

Í nóvember 2024 innleiddi N1 Bara tala, stafræna íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk. Bara tala býður upp á almenna og starfstengda áfanga til að styðja við daglegt líf og hjálpa starfsfólki að aðlagast vinnuumhverfi. Í lok árs 2025 höfðu 82 starfsmenn nýtt sér námskeiðin og lokið 252 klukkustundum.

N1 leggur áherslu á að huga vel að vinnustaðnum og framkvæmir vinnustaðagreiningu tvisvar á ári til að kanna stöðu innra starfsins. Niðurstöður greiningarinnar gefa gott yfirlit yfir stöðuna á vinnustaðnum á hverjum tíma og hvaða þætti í starfsumhverfinu þarf að leggja áherslu á að bæta til að ná betri árangri. Gott starfsumhverfi leiðir til jákvæðs starfsanda þar sem frumkvæði og samheldni starfsfólks stuðlar að aukinni starfsánægju.

Heildaránægja í vinnustaðagreiningu sem framkvæmd var í október 2025 var 4,08 og lækkaði lítillega milli ára. Vinnustaðagreining er lögð fyrir allt starfsfólk og var svarhlutfall 68%. Markmið ársins 2026 er að ná svarhlutfalllinu í 80%.

Fjöldi starfsfólks í stjórnendastöðum og kynjahlutföll

	2025		2024		2023		2022		2021	
Rekstrarbreytur	**Konur**	**Karlar**	**Konur**	**Karlar**	**Konur**	**Karlar**	**Konur**	**Karlar**	**Konur**	**Karlar**
Framkvæmdastjóri og forstöðumenn	2	7	3	5	3	5	3	6	3	5
Stöðvar- og verslunarstjórar	13	12	12	12	13	12	11	13	10	13
Bílaþjónusta	1	12	1	12	1	11	1	11	0	11
Samtals	**16**	**31**	**16**	**29**	**17**	**28**	**15**	**30**	**13**	**29**

Jafnrétti á vinnustaðnum

N1 hefur markað sér jafnréttisstefnu til að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum meðal starfsfólks í enn frekari mæli. Með því er tryggt að staða starfsfólks sé jöfn á öllum sviðum starfseminnar. Jafnréttisstefnunni er einnig ætlað að stuðla að eflingu menntunar og starfsþróunar, að styrkja stöðu einstaklingsins og gera honum kleift að nýta hæfileika sína í starfi og bæta líðan og starfsanda.

Mismunun vegna kyns er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast, og er það stefna N1 að gæta fyllsta jafnréttis milli fólks af öllum kynjum. Hver starfsmaður er metinn að verðleikum óháð kyni. Þannig er tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best. Jafnframt er mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar óheimil með öllu.

Hverjum starfsmanni ber að stuðla að því að jafnréttisstefnunni sé fylgt, meðal annars með því að koma fram við allt samstarfsfólk, starfsumsækjendur og viðskiptavini af réttsýni og óhlutdrægni. N1 hefur einnig markað sér stefnu og viðbragðsáætlun til að taka á einelti, áreitni og ofbeldi en slík hegðun er aldrei liðin á vinnustaðnum. Áhersla er lögð á að starfsfólk sýni samstarfsfólki sínu ávallt kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað. Öllum tilvikum og tilkynningum um mismunun er tekið alvarlega en viðbragðsáætlunin inniheldur meðal annars ferla um það hvernig skuli taka á málum af þessu tagi. Stefnan er aðgengileg öllu starfsfólki á innri vef fyrirtækisins.



Jafnlaunavottun

N1 fylgir Jafnlaunakerfi ÍST 85:2012, ásamt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma. Fyrirtækið tryggir þannig að sömu laun séu greidd fyrir störf sem metin eru jafnverðmæt. Með vottuðu jafnlaunakerfi stuðlar N1 að markvissu eftirliti, viðbrögðum og umbótum sem styðja við jafnréttis- og jafnlaunastefnu fyrirtækisins.

N1 hefur hlotið jafnlaunavottun frá árinu 2015 þegar það varð fyrst íslenskra olíufélaga til að uppfylla skilyrði vottunarinnar. Í samræmi við reglur vottunarstofunnar iCERT er launagreining gerð árlega. Jafnlaunavottun felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn ómálefnalegum launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Í mars 2024 gerði vottunarstofan iCERT úttekt á launakerfi N1. Niðurstöðurnar leiddu í ljós 0,5% óútskýrðan kynbundinn launamun, konum í óhag. Markmið félagsins er að slíkur óútskýrður launamunur fari ekki yfir 0,5%. Til að tryggja eftirfylgni eru framkvæmdar árlegar launagreiningar. Árið 2023 mældist munurinn 0,7% og árið þar á undan 0,10%, í bæði skiptin konum í óhag. Ef fram koma athugasemdir eða óútskýrður launamunur milli ára er ávallt leitað skýringa og gripið til viðeigandi úrbóta. Í kjölfar frumvarps um breytingar á fyrirkomulagi jafnlaunavottunar var ekki talin þörf á viðhaldsúttekt árið 2025.

Heilsa og öryggi starfsfólks

N1 er í samstarfi við Heilsuvernd sem annast skráningu veikinda og slysa hjá starfsfólki fyrirtækisins. Starfsfólk getur leitað til Heilsuverndar og fengið ráðgjöf vegna eigin veikinda eða veikinda fjölskyldumeðlima, sem og leiðbeiningar um líkamsbeitingu og önnur heilsutengd málefni.

Á árinu voru skráð 7 vinnuslys, sem er sami fjöldi og árið áður. Markmið félagsins er að draga úr vinnuslysum milli ára með markvissri öryggisfræðslu og tryggja að alvarleg vinnuslys haldist áfram í 0%. Til samanburðar voru 16 slys skráð árið 2023 og 21 árið 2022.

Árið 2025 lagði félagið sérstaka áherslu á að efla fræðslumál, meðal annars með frekari uppbyggingu N1 skólans. Í október 2025 hóf fræðslustjóri störf sem ber ábyrgð á heildaryfirsýn og utanumhaldi fræðslumála. Áhersla hefur verið lögð á móttöku nýliða, öryggismál og heilsu starfsfólks.

Starfsfólk í föstu starfi hefur aðgang að svokölluðum velferðarpakka sem felur í sér fjölbreytta þjónustu. Þar má nefna sálfræði- og velferðarþjónustu, íþróttastyrk, ítarlega heilsufarsskoðun, ráðgjöf frá Siðferðisgáttinni, starfslokanámskeið fyrir þau sem nálgast starfslok vegna aldurs og áfallahjálp og ráðgjöf frá ýmsum fagaðilum, t.d. næringarfræðingum og félagsráðgjöfum. Fjöldi beiðna í velferðarþjónustuna árið 2025 var 28 en 23 árið 2024. Fjöldi íþróttastyrkja á árinu var 116.

Í febrúar og mars á hverju ári er sérstök áhersla lögð á fræðslumál sem varða öryggi í starfsumhverfinu, heilbrigði og hreyfingu. Markmiðið er að efla öryggis- og heilsuvitund starfsfólks. Þannig er m.a. boðið upp á námskeið og fræðslufyrirlestra um skyndihjálp, eldvarnir, efni og efnavörur, umhverfis- og öryggismál, rán og rýrnun, heilsu og mataræði.

Einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað

Hjá N1 er lögð áhersla á að byggja upp jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Fyrirtækið hefur mótað stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Atvik sem fara út fyrir mörk eðlilegra samskipta og hegðunar eru undir engum kringumstæðum liðin hjá fyrirtækinu. N1 hefur innleitt sáttmála Samtaka atvinnulífsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi sem hluta af daglegum rekstri fyrirtækisins. Með því að virða þennan sáttmála getur starfsfólk tryggt jákvæð samskipti og stuðlað að heilbrigðri vinnustaðamenningu.

Í vinnustaðagreiningu sem framkvæmd var á árinu var starfsfólk spurt hvort það hefði orðið fyrir áreitni eða einelti í starfi hjá fyrirtækisinu á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöður leiddu í ljós að 3,5% töldu sig hafa orðið fyrir áreitni en 6,9% fyrir einelti. Fjöldi þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir áreitni lækkaði um 1% á milli ára en fjöldi þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir einelti hækkaði aftur á móti um 1% á milli ára. N1 hefur lagt mikla áherslu á EKKO fræðslu til stjórnenda og starfsfólks en henni er ætlað að auka skilning og vitund á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi. Markmiðið er að árið 2026 fari allir stjórnendur á vinnustofu sem felur í sér EKKO fræðslu. Einnig verður áhersla lögð á jákvæð samskipti og starfsmannasamtöl. Markmið voru sett um að ná einelti niður fyrir 5% og áreitni í 2% á árinu 2025 sem gekk ekki eftir og verður því fræðsla til stjórnenda efld enn frekar á árinu 2026.

Árið 2019 hóf N1 samstarf við Siðferðisgáttina en með henni getur starfsfólk tilkynnt atvik á öruggan hátt, t.d. ef það verður fyrir óæskilegri framkomu eða upplifir vanlíðan á vinnustaðnum. Á árinu 2025 bárust tvær tilkynningar til Siðferðisgáttarinnar sem tengdust samskiptahnökrum á vinnustaðnum eða óæskilegri hegðun. Í kjölfarið var mannauðsdeild upplýst um málin og fengu þau faglega afgreiðslu. Tilkynning um eitt mál til viðbótar barst með öðrum hætti og unnið var úr því í samráði við Heilsuvernd með farsælum hætti.



Stjórnarhættir

Ábyrg innkaup

Innkaupastefna N1 endurspeglar gildi N1 sem eru virðing, einfaldleiki og kraftur. Við innkaup á vörum og þjónustu er alltaf horft til hagsmuna fyrirtækisins og viðskiptavina, ásamt því að fylgja skýrum verkferlum og öguðum vinnubrögðum. Rík áhersla er lögð á að sýna samfélagsábyrgð í verki og stuðla að auknum áhuga, eftirspurn og framboði á umhverfisvænum vörum. Með markvissum aðgerðum leitast N1 við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju sinni. N1 sýnir umhverfinu virðingu með því að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu ásamt því að starfa, eins og kostur er, með umhverfisvottuðum birgjum.

N1 er aðili að Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Stjórnvísi og Festu, miðstöð um sjálfbærni. Í samræmi við efnalög nr. 61/2013 flytur fyrirtækið eingöngu inn efnavörur og olíur frá birgjum með REACH-vottanir. Öryggisblöð, í samræmi við CLP reglugerð nr. 415/2014, eru aðgengileg á vef N1 fyrir allar varnaðarmerktar vörur sem fyrirtækið hefur í sölu.



Birgjar

N1 tók í notkun siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila í lok ársins 2023. Reglurnar byggja á sjálfbærnistefnu Festi, móðurfélags N1, og er ætlað að stuðla að traustu og ábyrgu innkaupaumhverfi, ásamt því að styðja við sjálfbærnimarkmið allrar samstæðunnar. Með skýrum kröfum til birgja og þjónustuaðila getur N1 haft jákvæð áhrif á aðfangakeðju sína og þannig lagt sitt af mörkum til ábyrgari og sjálfbærari framleiðslu- og viðskiptahátta. **Birgjar og þjónustuaðilar skulu fylgja gildandi lögum og reglum en þar að auki skulu þeir uppfylla þær kröfur sem settar eru fram með hliðsjón af UFS-flokkun.**

1. Umhverfisþættir

a. Þekki loftlagsáhrif eigin reksturs og grípi til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni.
b. Greini önnur neikvæð umhverfisáhrif sem starfsemi þeirra veldur og leitist við að draga úr þeim með ábyrgum hætti.
c. Tryggi að sorp sé flokkað í samræmi við viðeigandi viðmið og reglur og afhent til endurvinnslustöðva með ábyrgum hætti.

2. Félagslegir þættir

a. Virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi, þar á meðal Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og hafni alfarið mannréttindabrotum, svo sem nauðungar- eða þrælkunarvinnu.
b. Virði félagafrelsi og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks á hverjum tíma.
c. Skapi starfsumhverfi sem stuðlar að jafnrétti og umburðarlyndi, þar sem einelti, ofbeldi, áreitni eða mismunun eru aldrei liðin.
d. Tryggi starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi.

3. Stjórnarhættir

a. Stundi heilbrigða og siðferðislega viðskiptahætti.
b. Setji sér siðareglur og vinni markvisst gegn hvers kyns spillingu.
c. Viðhafi traust samskipti og virði þagnarskyldu varðandi trúnaðarupplýsingar.

Á árinu var óskað eftir því að birgjar og þjónustuaðilar samþykktu siðareglur N1 og svöruðu birgjamati. Markmið fyrirtækisins fyrir árið var að fá svör við siðareglum og birgjamati frá 45% þeirra birgja sem eru með viðskiptaveltu yfir einni milljón króna. N1 var mjög nálægt því að ná þessu markmiði en í lok árs höfðu svör borist frá 43% birgja. Þrátt fyrir að markmiðinu hafi ekki verið náð að fullu hefur þessi vinna haft jákvæð áhrif á samstarfsaðila í aðfangakeðjunni og stuðlar þannig að ábyrgari og sjálfbærari viðskiptaháttum.

Á þessu ári mun N1 leggja áframhaldandi áherslu á að vera hreyfiafl jákvæðra breytinga og hvetja þá birgja fyrirtækisins sem ekki hafa lokið við að svara birgjamati og staðfesta siðareglur birgja til þátttöku. Markmið N1 fyrir árið 2026 er að hafa fengið svör við birgjamati frá 90% þeirra birgja sem eru með viðskiptaveltu yfir einni milljón króna. Fyrirtækið setur markið hátt og stefnir jafnframt að því að allir birgjar og þjónustuaðilar hafi staðfest siðareglur þess. Jafnframt verður gerð krafa um að allir nýir birgjar samþykki siðareglur N1 og svari birgjamati.

Á síðustu árum hafa þjónustustöðvar N1 hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstaðlinum ISO 14001. Staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit með þeim umhverfisþáttum sem fyrirtæki geta stýrt eða haft áhrif á. Starfsleyfisskilyrði til að reka bensínstöðvar hafa þó tekið breytingum á síðustu árum með aukinni áherslu á úrgangsflokkun. ISO 14001 leggur þó ekki til neinar viðbótarkröfur sem fyrirtæki þurfa að standast til að uppfylla starfsleyfi sín. N1 er því með sín vottunarmál til skoðunar.

Vottanir

Gott verkstæði þarf að veita faglega þjónustu, þar sem starfsfólk hefur mikla reynslu og góða vöruþekkingu. Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa Michelin Quality Dealers vottun, að undanskildu nýopnuðu verkstæði á Flugvöllum í Reykjanesbæ. Við opnun verkstæðisins var stefnt að því að hefja vottunarferlið en þar sem Michelin er nú í endurskoðun á sínu vottunarferli eru ekki veittar nýjar vottanir að svo stöddu. Nýtt vottunarkerfi frá Michelin mun taka í gildi vorið 2026 og stefnt er á að öll verkstæði N1 muni fara í gegnum vottunarferlið að nýju þegar að því kemur.


Olíu- og gasfyrirtækið ExxonMobil gerir þá kröfu til N1 að vörur fyrirtækisins séu meðhöndlaðar samkvæmt skilgreindu ferli, frá móttöku til afhendingar. N1 þarf einnig að uppfylla staðla ExxonMobil um umhverfis-, öryggis-, starfsmanna- og frábrigðamál. Staðlarnir ná til geymslu, sölu, varðveislu, þjálfunar starfsmanna og afhendingu smurolíu á skip. Markmiðið er að tryggja afhendingaröryggi og að varan haldi gæðum sínum frá framleiðslu til endanlegs viðskiptavinar.

N1 er á lokametrunum að sækja sér ISCC vottun á meðhöndlun félagsins á lífrænu eldsneyti. International Sustainability and Carbon Certification (ISCC) er alþjóðlegt og leiðandi vottunarkerfi sem er hannað til að efla rekjanlegar, sjálfbærar, skógareyðingarlausar og loftslagsvænar aðfangakeðjur.

ISCC-vottanir eru víða viðurkenndar og ná yfir sjálfbæra landbúnaðarlífmassa, lífrænan úrgang og afgangsefni, endurnýjanleg efni sem hafa ekki lífrænan uppruna og endurunnið kolefnisbundið hráefni.

Þróun og innleiðing mismunandi vottunarstaðla er helsta verkfæri ISCC til að stuðla að markmiði sínu um að draga úr loftslagsbreytingum og auka rekjanleika á alþjóðlegum mörkuðum og í aðfangakeðjum.

Með vottun ISCC-EU staðfestist að N1 fer með lífeldsneyti sem N1 kaupir og selur undir merkjum ISCC-EU samkvæmt þeim kröfum sem ISCC gerir um rekjanleika massajafnvægiskerfa, og fylgja lífeldsneytinu ISCC sjálfbærnivottorð.



N1 í samfélaginu

N1 í samfélaginu

N1 er hluti af daglegu lífi fólks og fyrirtækja um allt land. Hlutverk okkar er ekki aðeins að selja eldsneyti eða þjónustu, heldur að halda samfélaginu á hreyfingu með aðgengi, góðri þjónustu og lausnum sem nýtast í raunverulegu lífi, alla daga. Það sést bæði í umfangi starfseminnar og í því hvernig fyrirtækið hefur þróast með samfélaginu – úr hefðbundinni eldsneytisþjónustu yfir í fjölbreytt þjónustunet sem mætir ólíkum þörfum fólks á ferðinni, heima og í atvinnulífi.

Sú þróun á sér djúpar rætur. Fyrirtækið byggir á löngu þjónustuspori um land allt og hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á samfélagsábyrgð sem hluta af kjarnastarfseminni. Það er ekki ný hugsun hjá okkur að hagur samfélagsins og hagur fyrirtækisins fari saman heldur hefur það verið leiðarljós fyrirtækisins í áraraðir.

Í dag rekur fyrirtækið öflugt og dreift þjónustunet á um 150 staðsetningum um land allt, en þar af eru um 100 þjónustustöðvar og bílaþjónustur. Þessi nálægð við fjölbreytt samfélög af ólíkum stærðum og gerðum skiptir máli. Hún þýðir að við erum til staðar þar sem fólk býr, vinnur og ferðast, ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land. Það er ein helsta forsenda þess að fyrirtækið geti verið virkur og ábyrgur þátttakandi í nærsamfélagi sínu.

Í nærsamfélaginu

Styrkur okkar liggur ekki síst í nálægðinni við fólk. Eins og áður sagði erum við hluti af daglegri þjónustu um land allt á ferðaleiðum, í hverfum, bæjum og þjónustukjörnum þar sem fólk sækir orku, mat, þjónustu og aðstoð. Samfélagshlutverkið birtist því ekki aðeins í styrkjum eða verkefnum sem við tökum þátt í, heldur líka í rekstrinum sjálfum: að tryggja aðgengi, áreiðanleika og góða þjónustu þar sem hennar er þörf.

Árið 2025 var þetta hlutverk styrkt enn frekar með nýjum þjónustulausnum sem einfalda daglegt líf. Stöðin mín í N1 appinu gerði viðskiptavinum um land allt kleift að velja sína stöð og fá þar lægsta verðið sem við bjóðum hverju sinni, í stað þess að þurfa að „elta verðið“. Þjónustan var síðar framlengd vegna mikilla vinsælda, rafhleðslu bætt við sem hluta af lausninni og punktasöfnun tengd enn betur saman milli eldsneytis, hleðslu og heimarafmagns. Þetta er gott dæmi um hvernig við nýtum stafrænar lausnir til að skapa raunverulegt virði fyrir fólk.

Samfélagsábyrgð í rekstri, ekki bara í orðum

Samfélagsábyrgð birtist líka í því hvernig við þróum þjónustunet og samstarf með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Árið 2025 tilkynntum við um nýja þjónustumiðstöð á Akranesi í áföngum, með eldsneytisafgreiðslu, fyrirhugaðri hraðhleðslu og síðar þjónustuhúsi með verslun, dekkjaverkstæði og bílaþvotti. Slík uppbygging styrkir staðbundna þjónustu, bætir aðgengi og styður við atvinnustarfsemi og umferð á svæðinu.

Í heild sinni er N1 því meira en þjónustustöðvakerfi. Við erum virkur hlekkur í samfélaginu milli heimila og fyrirtækja, milli byggðarlaga og milli daglegrar þjónustu og stærri samfélagslegra verkefna. Það er hlutverk sem byggist á nálægð, ábyrgð og getu til að þróast með samfélaginu.

Langtímamarkmið 2035

Langtímamarkmið

N1 hefur sett sér skýr og metnaðarfull langtímamarkmið í sjálfbærni með það að leiðarljósi að vera virkur þátttakandi í orkuskiptum og draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar. Fyrirtækið stefnir að því að ná nettó-núll losun í eigin rekstri árið 2031 og í allri starfseminni fyrir árið 2050, í takt við alþjóðleg loftslagsmarkmið.

Til að ná þessum markmiðum leggur N1 áherslu á orkuskipti í samgöngum með uppbyggingu öflugs hleðslunets fyrir rafbíla, framboði lífeldsneytis og þátttöku í þróun endurnýjanlegra orkugjafa. Samhliða þessu er unnið markvisst að því að draga úr orkunotkun, skipta út mengandi búnaði og innleiða orkusparandi lausnir í rekstri.

Hringrásarhagkerfi og ábyrg auðlindanýting eru einnig í forgrunni. N1 stefnir að aukinni flokkun úrgangs, minni sóun og meiri notkun endurvinnanlegra og vistvænna umbúða. Þá er lögð áhersla á vatnsvernd, forvarnir gegn mengun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Með skýrri stjórnun, mælanlegum markmiðum og reglulegri eftirfylgni vill N1 tryggja að sjálfbærni sé samofin öllum þáttum starfseminnar.

Langtímamarkmið fyrirtækisins endurspegla þá sýn að umhverfisábyrgð, rekstrarhagkvæmni og samfélagsleg ábyrgð fari saman og skapi virði til framtíðar, bæði fyrir viðskiptavini og samfélagið í heild.



Markmið 2026

Markmið 2026

Markmið fyrir árið 2026 eru mótuð í samræmi við langtímamarkmiðin okkar og þá langtímasýn sem N1 hefur.

- Setja upp 40 hraðhleðslutengi víðs vegar um landið
- Allir starfsmenn með íslensku sem annað mál geti nýtt sér stafræna íslenskukennslu Bara tala
- Fækka vinnuslysum og engin alvarleg vinnuslys
- Halda áfram fræðslu um samskipti á vinnustað með sérstakri áherslu á EKKO fræðslu til að ná hlutfalli eineltis undir 5% og hlutfalli áreitni undir 2%
- Samskiptamiðillinn Workvivo nái 75% notkun
- Allt nýtt starfsfólk fái nýliðafræðslu, starfsþjálfun og kynningu á velferðarþjónustunni
- 90% af núverandi birgjum og þjónustuaðilum með veltu yfir einni milljón króna svari birgjamati og að allir birgjar og þjónustuaðilar svari siðareglum
- Allir nýir birgjar skulu svara birgjamati og samþykkja siðareglur við upphaf viðskiptasambands
- Kynna siðareglur og birgjamat fyrir starfsfólki
- Auka hlutfallslega sölu sjálfbærra vara
- Skipta út kælikerfum á 7 starfsstöðvum til að vinna að markmiði um að skipta út öllum kælimiðlum árið 2030
- Flokkunarhlutfall N1 verði komið upp í 78% árið 2026




Ítarefni


Rekstrarþættir

	Eining	2023	2024	2025
Rekstrarbreytur				
Heildartekjur	m. kr.	56.267	56.424	55.892
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	502	493	465
Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur	m²	29.575	26.914	28.159


Heildartekjur
m. kr.



Fjöldi stöðugilda
starfsgildi



Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur
m²



Losunarbókhald

	Eining	2023	2024	2025
Mótvægisaðgerðir				
Samtals mótvægisaðgerðir	**$tCO_2íg$**	**642**	**1.201**	**1.017**
Gróðurhúsalofttegundir				
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	**$tCO_2íg$**	**682.828**	**724.933**	**722.691**
Umfang 1	$tCO_2íg$	353	553	300
Umfang 2 (landsnetið)	$tCO_2íg$	146	182	181
Umfang 3	$tCO_2íg$	682.329	724.198	722.211
Umfang 1 - Samsetning losunar				
Heildarlosun	**$tCO_2íg$**	**353**	**553**	**300**
Eldsneytisnotkun farartækja	$tCO_2íg$	199	188	184
Lekalosun	$tCO_2íg$	154	365	116
Umfang 2 - Samsetning losunar				
Heildarlosun	**$tCO_2íg$**	**146**	**182**	**181**
Rafmagn	$tCO_2íg$	51	66	65
Hitaveita	$tCO_2íg$	95	116	116

	Eining	2023	2024	2025
Umfang 3 - Losun á fyrri stigum				
Heildarlosun	**$tCO_2íg$**	**682.329**	**724.198**	**722.211**
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta	$tCO_2íg$	146.803	156.169	156.169
Flokkur 2: Fjárfestingar - Framkvæmdir	$tCO_2íg$	228	84	36
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	$tCO_2íg$	53	54	53
Flokkur 4: Flutningur og dreifing - Uppstreymi	$tCO_2íg$	855	774	781
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	$tCO_2íg$	515	509	513
Flokkur 6: Viðskiptaferðir	$tCO_2íg$	18	19	23
Flokkur 9: Flutningur og dreifing - Niðurstreymi	$tCO_2íg$	54	240	68
Flokkur 11: Notkun seldra vara	$tCO_2íg$	533.802	566.527	564.569

Umhverfisþættir

	Eining	2023	2024	2025
Orkunotkun				
Heildarorkunotkun	**kWst**	**21.983.445**	**22.098.887**	**21.878.450**
Jarðefnaeldsneyti	kWst	798.977	782.519	758.645
Lífeldsneyti	kWst	-	2.154	3.232
Rafmagn	kWst	8.825.033	8.633.797	8.517.691
Hitaveita	kWst	12.359.435	12.680.417	12.598.882
Orkusamsetning				
Heildarorkunotkun	**kWst**	**21.983.445**	**22.098.887**	**21.878.450**
Jarðefnaeldsneyti	%	4%	4%	3%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	96%	96%	97%
Eldsneytisnotkun				
Heildareldsneytisnotkun	**lítrar**	**83.342**	**82.409**	**79.632**
Bensín	lítrar	26.480	32.847	28.561
Díselolía	lítrar	56.689	49.336	50.732
Lífrænn dísill VLO	lítrar	-	226	339
Metan	lítrar	173	-	-
Vatnsnotkun				
Heildarvatnsnotkun	**m^3**	**369.168**	**420.602**	**355.285**
Kalt vatn	m^3	153.287	199.560	135.678
Heitt vatn	m^3	215.881	221.042	219.607

	Eining	2023	2024	2025
Meðhöndlun úrgangs				
Heildarmagn úrgangs	**kg**	**1.952.741**	**2.069.411**	**1.943.524**
Flokkaður úrgangur	kg	1.267.051	1.356.668	1.194.064
Óflokkaður úrgangur	kg	685.690	712.743	749.460
Endurunnin úrgangur	kg	1.528.931	1.621.078	1.490.139
Urðaður úrgangur	kg	415.520	414.021	438.378
Flokkunarhlutfall úrgangs	**%**	**64,9%**	**65,6%**	**61,4%**
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	**%**	**78,3%**	**78,3%**	**76,7%**
Umhverfisstarfsemi				
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Loftlagseftirlit				
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Mildun loftlagsáhættu				
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og viðnámsþróun	m. kr.	187,7	187,7	83,3

Félagslegir þættir

	Eining	2023	2024	2025
Launamunur kynja				
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1	1	1
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0,7%	0,5%	0,5%
Starfsmannavelta				
Starfsmenn í fullu starfi				
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	21,0%	18,7%	34,0%
Starfsmannavelta kvenna	%	13,5%	6,5%	10,0%
Starfsmannavelta karla	%	7,7%	12,2%	24,0%
Starfsmenn í hlutastarfi				
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	20,4%	24,5%	66,%
Aldur				
<30	%	30,2%	30,5%	34,2%
30-50	%	8,5%	9,8%	8,7%
>50	%	2,9%	3%	4%
Kynjafjölbreytni				
Starfsmannafjöldi – Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	42,0%	41,0%	41,0%
Forstöðumenn – Hlutfall kvenna í stöðu forstöðumanna	%	32,0%	35,7%	22,2%
Aðrir stjórnendur – Hlutfall kvenna í öðrum stjórnendastöðum	%	54,0%	37,4%	34,2%
Aðrir starfsmenn – Hlutfall kvenna af almennum starfsmönnum	%	42,0%	41,7%	40,3%

	Eining	2023	2024	2025
Hlutfall tímabundinna starfskrafta				
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	40%	42%	40%
Aðgerðir gegn mismunun				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já	Já
Vinnuslysatíðni				
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	2,3%	1%	1%
Hnattræn heilsa og öryggi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Fjarvera frá vinnu vegna veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	0,023	0,03	0,03
Barna- og nauðungarvinna				
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já
Mannréttindi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	Já	Já	Já

Stjórnarhættir

	Eining	2023	2024	2025
Kynjahlutfall í stjórn				
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	40%	50%	50%
Óhæði stjórnar				
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	-	-	-
Kaupaukar				
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Já	Já	Já
Kjarasamningar				
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%
Siðareglur birgja				
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	34%	43%
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu				
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-

	Eining	2023	2024	2025
Persónuvernd				
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já
Sjálfbærniskýrsla				
Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu?	já/nei	Já	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Starfsvenjur við upplýsingagjöf				
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ?	já/nei	Já	Já	Já
Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila				
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Já	Já	Já